

## REGLUR

### **Hæstaréttar um málsgögn í áfrýjuðum einkamálum.**

#### 1. gr.

Þegar áfrýjandi afhendir Hæstarétti áfrýjunarstefnu og greinargerð sína skal hann jafnframta skila málsgögnum á skrifstofu réttarins sem eru ágrip framlagðra skjala í héraði og eftir atvikum í Landsrétti. Til málsgagna teljast einungis þau málskjöl og önnur gögn sem áfrýjandi hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og liggja þegar fyrir, auk skjala sem stefndi reisti mál sitt á í héraði og eftir atvikum í Landsrétti og áfrýjandi má með réttu telja nauðsynleg vegna varna stefnda fyrir réttinum. Í málsgögnum skulu einnig vera endurrit þinghalda í héraði og eftir atvikum í Landsrétti og önnur gögn, sem mælt er fyrir um í reglum þessum.

Áfrýjandi skal afhenda Hæstarétti sjö eintök málsgagna. Afhenda skal stefnda, eða hverjum stefnda ef þeir eru fleiri en einn, eitt eintak málsgagna um leið og þau eru afhent Hæstarétti.

#### 2. gr.

Áfrýjandi ber ábyrgð á gerð málsgagna og að þau séu í samræmi við þessar reglur. Hann skal hafa samráð við stefnda um gerð þeirra og hvaða skjölum, sem lögð voru fram í héraði og eftir atvikum Landsrétti, sé ofaukið vegna flutnings málsins fyrir Hæstarétti. Hann skal taka sanngjarnt tillit til sjónarmiða stefnda um hvaða skjöl eigi að vera í málsgögnum.

Nú greinir aðila á um hverra skjala sé þörf við gerð málsgagna og stefndi telur ástæðu til að þar séu skjöl sem áfrýjandi telur ofaukið og er stefnda þá heimilt að leggja þau fram af sinni hálfu. Í því tilviki ber hann ábyrgð á gerð þeirra málsgagna sem hann skilar.

Málsaðilum er skyldt að gæta þess að ekki séu í málsgögnum, sem þeir afhenda Hæstarétti, skjöl sem engu skipta við úrlausn málsins fyrir réttinum og að þar sé aðeins eitt eintak af hverju skjali.

#### 3. gr.

Nú er dómi Landsréttar áfrýjað til Hæstaréttar og er áfrýjanda þá heimilt að hafa röð þeirra skjala sem lögð voru fyrir Landsrétt í þeirri röð sem mælt er fyrir um í reglum Landsréttar um málsgögn í einkamálum. Skal röð skjala sem bæst hafa við frá meðferð málsins í Landsrétti vera sem hér segir:

- a. Efnisskrá, sbr. 2. mgr. 4. gr.,
- b. áfrýjunarstefna fyrir Landsrétti og greinargerð áfrýjanda, séu gögnin ekki þegar hluti málsgagna,
- c. greinargerð stefnda fyrir Landsrétti, sé hún ekki þegar hluti málsgagna,
- d. gagnáfrýjunarstefna fyrir Landsrétti og greinargerð í gagnsök ef því er að skipta,
- e. ný skjöl sem lögð voru fram í Landsrétti, að því marki sem áfrýjandi telur, að teknu tilliti til sjónarmiða stefnda, að vera þurfi í málsgögnum. Skjölin skulu vera í tímaröð. Ótímasett skjöl skulu vera þar sem þau eiga helst heima miðað við efnislegt samhengi þeirra við önnur skjöl,
- f. endurrit af bókunum í þingbók í Landsrétti í tímaröð,
- g. endurrit af framburði málsaðila og vitna fyrir Landsrétti ef því er að skipta og að því leyti sem þörf er á vegna reksturs málsins fyrir Hæstarétti,
- h. dómur Landsréttar, sem áfrýjað er,
- i. áfrýjunarstefna,
- j. greinargerð áfrýjanda.

Nú er héraðsdómi áfrýjað beint til Hæstaréttar og skal þá röð skjala í málsgögnum vera sem hér segir:

- a. Efnisskrá, sbr. 3. mgr. 4. gr.,
- b. héraðsdómsstefna og skrá um framlögð gögn við þingfestingu máls í héraði,
- c. greinargerð stefnda í héraði,
- d. gagnstefna í héraði og greinargerð í gagnsök ef því er að skipta,
- e. framlögð skjöl í héraði, að því marki sem áfrýjandi telur, að teknu tilliti til sjónarmiða stefnda, að vera þurfi í málsgögnum. Skjölin skulu vera í tímaröð. Ótímasett skjöl skulu vera þar sem þau eiga helst heima miðað við efnislegt samhengi þeirra við önnur skjöl,

- f. endurrit af bókunum í þingbók í héraði í tímaröð,
- g. endurrit af framburði málsaðila og vitna fyrir héraðsdómi að því leyti sem þörf er á vegna reksturs málsins fyrir Hæstarétti,
- h. dómur héraðsdóms, sem áfrýjað er,
- i. áfrýjunarstefna,
- j. greinargerð áfrýjanda.

#### 4. gr.

Fremst í málsgögnum skal vera efnisskrá.

Nú er dómi Landsréttar áfrýjað til Hæstaréttar og er áfrýjanda þá heimilt að skipa efnisskrá vegna þeirra málsgagna sem lögð voru fyrir Landsrétt með sama hætti og þar var gert. Að auki skal hann bæta við nýrri efnisskrá vegna þeirra málsgagna sem bæst hafa við málið og skal henni skipað svo:

- a. Í fyrsta kafla skal geta allra skjala í framlagningarröð í Landsrétti með réttu númeri og með vísan til blaðsíðutals í málsgögnum. Skulu blaðsíður tölusettar í framhaldi af blaðsíðutali þeirra málsgagna sem lögð voru fyrir Landsrétt. Tilgreina skal þau skjöl, sem lögð voru fram í Landsrétti en sleppt er í málsgögnum,
- b. í öðrum kafla skal greina skjöl í þeirra röð sem þau koma fyrir í málsgögnum, sbr. e. lið 1. mgr. 3. gr., og geta blaðsíðutals í málsgögnum,
- c. í þriðja kafla skal greina öll þinghöld í málinu í Landsrétti og vísa til síðutals í málsgögnum þar sem endurrit þinghalds er að finna,
- d. í fjórða kafla skal geta nýrra skjala, sem lögð eru fyrir Hæstarétt með bókstafsmerkingu um þeirra og jafnframt geta síðutals þar sem þau má finna í málsgögnum,
- e. í fimmtra kafla skal tiltaka nöfn þeirra sem komið hafa fyrir dóm við meðferð málsins í Landsrétti,
- f. í sjötta kafla skal vera tímaskrá þar sem tilgreind eru öll meginatriði málsatvika í tímaröð ef þess gerist þörf vegna atvika sem gerst hafa eftir að málinu var áfrýjað til Landsréttar,
- g. í sjöunda kafla skal vera í stuttu máli hlutlæg greining málsins og lýsing ágreiningsefna fyrir Hæstarétti. Hún skal vera stutt og svo glögg sem verða má.

Nú er héraðsdómi áfrýjað beint til Hæstaréttar og skal efnisskrá þá skipað svo:

- a. Í fyrsta kafla skal geta allra skjala í framlagningarröð í héraði með réttu númeri og með vísan til blaðsíðutals í málsgögnum. Tilgreina skal þau skjöl, sem lögð voru fram í héraði, en sleppt er í málsgögnum,
- b. í öðrum kafla skal greina skjöl í þeirri röð sem þau koma fyrir í málsgögnum, sbr. e. lið 2. mgr. 3. gr., og geta blaðsíðutals í málsgögnum,
- c. í þriðja kafla skal greina öll þinghöld í málinu í héraði og vísa til síðutals í málsgögnum þar sem endurrit þinghalds er að finna,
- d. í fjórða kafla skal geta nýrra skjala, sem lögð eru fyrir Hæstarétt með bókstafsmerkingu um þeirra og jafnframt geta síðutals þar sem þau má finna í málsgögnum,
- e. í fimmtra kafla skal tiltaka nöfn þeirra sem komið hafa fyrir dóm við meðferð málsins í héraði,
- f. í sjötta kafla skal vera tímaskrá þar sem tilgreind eru öll meginatriði málsatvika í tímaröð,
- g. í sjöunda kafla skal vera í stuttu máli hlutlæg greining málsins og lýsing ágreiningsefna fyrir Hæstarétti. Hún skal vera stutt og svo glögg sem verða má.

Ef málsgögn eru í fleiri en einu hefti, skal auk síðutals tilgreina í hvaða bindi þau eru.

Nú skilar stefndi einnig málsgögnum af sinni hálfu og skal kaflaskipan í efnisskrá hans vera með sama hætti og hér greinir. Þó skal í efnisskrá stefnda einungis geta skjala, sem þar eru tekin upp.

#### 5. gr.

Málsgögn skulu vera í einu bindi eða fleirum ef þarf. Á kápu skal greina nafn og númer máls og nöfn þeirra sem flytja málið fyrir Hæstarétti. Endurrit og ljósrit skjala skulu vera skýr og vel læsileg og án yfirstrikana eða merkja um þær.

6. gr.

Nú er hluta skjals, sem lagt var fram í héraði eða eftir atvikum í Landsrétti, sleppt og skal þess þá getið sérstaklega í skjalinu þar sem úrfellingin er. Taka skal fram hve mörgum síðum er sleppt.

7. gr.

Málsgögn skulu vera með síðutali. Ný skjöl fyrir Hæstarétti skulu merkt með bókstöfum og skulu þau þeirra, sem komast í málsgögnin, jafnframt verða síðusett þar á viðeigandi hátt.

8. gr.

Uppdrættir, ljósmyndir og annað, sem ekki er unnt að hafa í málsgögnum þannig að vel fari, skulu vera í sérstöku bindi eða möppu. Það skal merkt með rómverskum tölum og skal þessara gagna getið þar í málsgögnum, sem þau væru ella.

9. gr.

Nú afhendir áfryjandi eða stefndi málsgögn til Hæstaréttar sem eru í verulegu ósamræmi við reglur þessar og getur þá rétturinn, allt þar til 7 dögum fyrir flutning málsins, mælt fyrir um að bætt skuli úr innan tilgreinds frests. Nú er fyrirmælum um úrbætur ekki sinnt og getur þá Hæstiréttur frestað málí þar til úr hefur verið bætt.

10. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 180. gr. og 3. mgr. 183. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 29. gr. laga nr. 49/2016 og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 601/2014 um málsgögn í einkamálum.

*Hæstarétti Íslands, 18. apríl 2018.*

**Porgeir Örlygsson.**

---

*Þorsteinn A. Jónsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 4. maí 2018